

252
Pauþ
Boy

Guð Gyðinga

OG

Guð kristinna manna.

Prédikun eftir Kristofer Janson.

Í gamla testamentinu (1. Kb. 19. 9) er sagt frá því, að spámaðurinn Elías hafi falið sjálfan sig í helli einum sökum örvílnunar út af því, að því nær öll Ísraels-börn höfðu yfirgefið Drottin. Þá kallaði rödd Drottins hann til reikningsskapar, og spámaðurinn kvartaði sáran um ágindi sín. Og Drottinn svaraði: „Far þú héðan og gakk upp á fjallið fram fyrir Drottin“. Og sjá—á undan Drottni kom mikill og sterkur stormur, sem sundurtætti fjallið og sundurmolaði klettana—en Drottinn var ekki í storminum. Og eftir storminn kom jarðskjálfti og jörðin skalf undir spámanninum—en Drottinn var ekki í jarðskjálftanum. Og eftir jarðskjálftann kom eyðandi eldur,—en ekki var Drottinn í eldinum. Og eftir eldinn kom eins og þytur af hægum og blíðum blæ—þá byrgði spámaðurinn andlit sitt; því Guð hans var honum nálægur.

Þessi gamla frásaga hefir ætíð mjög hrifið mig; mér finnst hún undur fögur, og hún sýnir eins og með lifandi mynd mismuninn á Guði Gyðinga og Guði kristinna manna, muninn á Guði í gamla testamentinu og Guði í hina nýja testamenti, muninn á Guði sem völdugum konungi og Guði sem hinum milda kærleikans föður.